

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bolungarvíkurkaupstað.

*Deiliskipulag miðsvæðis.*

Bolungarvíkurkaupstaður hefur lokið við gerð nýs deiliskipulags miðsvæðis. Deiliskipulagið var unnið í samræmi við aðalskipulag Bolungarvíkur 2020-2032.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fyrir miðsvæði Bolungarvíkur falla þrjár eldri deiliskipulagsáætlanir úr gildi innan sama svæðis (deiliskipulag Bolungarvíkurhafnar (1995), deiliskipulag Aðalstræti 20-22 (2007) og deiliskipulag Bjarnarbúðarreit (2008)). Skipulagssvæðið afmarkast frá Hólsá í suðri, Aðalstræti í vestri að Hafnargötu í norðri og til austurs yfir hafnarsvæði og til sjávar samtals um 12,6 ha.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Bolungarvík, 7. febrúar 2025.*

**Finnbogi Bjarnason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 7. mars 2025